



Félag um innri  
endurskoðun

1. TBL 2014

# FRÉTTABRÉF FÉLAGS UM INNRI ENDURSKOÐUN

JANÚAR 2014

Í ÞESSU  
FRÉTTABRÉFI:

## MORGUNVERÐARFUNDUR FIE GAGNALEKI OG GAGNASTULDUR – NETÖRYGGI

**MORGUNVERÐAR-  
FUNDUR FIE** 1  
**GAGNALEKI OG  
GAGNASTULDUR –  
NETÖRYGGI**

Annar morgunverðarfundur vetrarins verður haldinn á Grand hótél Reykjavík þann 29. janúar næstkomandi. Að þessu sinni verður efni fundarins: „Gagnaleki og gagnastuldur – netöryggi“ og munu tveir sérfræðingar fjalla um efnið hvor með sína nálgun en þeir munu nálgast efnið út frá sjónarhóli innri endurskoðenda og hvaða atriðum þeir þurfa að vera vakandi fyrir í þeim fyrirtækjum þar sem þeir starfa.

**MORGUNVERÐAR-  
FUNDUR FIE** 2  
**4. DESEMBER 2013**

Fyrst mun Úlfar Andri Jónasson sérfræðingur í upplýsingaöryggi hjá Deloitte fjalla um hvað innri endurskoðendur þurfa að hafa helst í huga um varnir gegn gagnaleka og gagnastuldi. Fjallað verður um nauðsyn upplýsingaöryggisstefnu fyrirtækja, meðal annars atriða eins og lykilorðastefnu, dulkóðun tölvu og snjalltækja. Einnig er komið inn á netárásir og hvernig fyrirtæki geta varist slíkum árásum.

**HUGMYNDAHORNID** 2

**NEFNDASTARF FIE** 3

Næstur mun Jón Kristinn Ragnarsson, ráðgjafi í áhættustjórnun, upplýsingaöryggi og upplýsingatækni hjá Capacent fjalla um skýjalausnir. Farið verður yfir hvernig skýjalausnir eru helst notaðar af fyrirtækjum og stofnunum, hverjir eru kostirnir og hverjar eru hætturnar? Skoðað verður hvað innri endurskoðendur þurfa að hafa í huga nú þegar enn fleiri aðilar leitast við að flytja gögn sín í hið óræða en margumrædda ský.

**PISTILL STJÓRNAR** 4

Fræðslunefnd vonast eftir betri þátttöku á morgunfundinn 29. janúar en síðasta fund þar sem að mati fræðslunefndar er um að ræða efni sem ætti að höfða til allra félagsmanna og sérstaklega eftir nýjustu fréttir um netárásir á heimasíður íslenskra fyrirtækja.

Fundurinn hefst kl. 8:30 en morgunverður verður í boði frá kl. 8:00. Vinsamlegast skráið þátttöku á [fie@fie.is](mailto:fie@fie.is) í síðasta lagi á hádegis 27. janúar. Fundargjald er 2.800 kr.

**MORGUNFUNDUR FIE 4. DESEMBER 2013**

Fyrsti morgunverðarfundur vetrarins var haldinn á Grand hótél Reykjavík þann 4. desember síðastliðinn. Þrátt fyrir að þennan fyrsta fund bæri upp á einn af fyrstu dögum jólamánaðarins var ágætis mæting hjá félagsmönnum, en á fundinn mættu 29 manns. Að mati fræðslunefndar var um mjög áhugaverð erindi að ræða fyrir þá félagsmenn sem stefna á CIA prófin.

Fyrirlesarar voru þrír talsins. **Gréta Gunnarsdóttir, CIA**, sérfræðingur í innri endurskoðun hjá Íslandsbanka fjallaði um núverandi CIA prófunarferilinn og fór yfir praktísk atriði varðandi skipulagningu próflestur og töku prófanna. Gréta lauk nýverið prófunum og er nýjasti félagsmaður FIE með CIA vottunina. Í erindinu kom m.a. fram að prófin eru nú þrjú talsins í stað fjögurra prófa. Fyrsti hlutinn er um grunnatriði innri endurskoðunar en annar og þriðji hlutinn eru um framkvæmd innri endurskoðunar. Það var mat fundarmanna að umfjöllun Grétu væri gagnleg og hvetjandi til að taka prófin.

Eftir áhugaverða umfjöllun Grétu tók **Anna Margrét Jóhannesdóttir, CIA, CRMA**, við og fór yfir hvaða endurmenntunarleiðir eru í boði til að viðhalda CIA gráðunni og skil á endurmenntunareiningum. Anna Margrét er formaður stjórnar FIE og er um að ræða efni sem er stjórn FIE mjög hugleikið. Í erindinu kom m.a. fram að handhafar CIA gráðunnar þurfa að skila inn 40 endurmenntunareiningum (CPE) á ári. Upplýsingunum um endurmenntunareiningarnar þarf að skila inn fyrir 31. desember ár hvert í endurmenntunargrunn IIA, „Certification Candidate Management System“ (CCMS). Hægt er að fá endurmenntunareiningar m.a. með því að sækja ýmis námskeið og ráðstefnur sem snúa að faggrein innri endurskoðunar. Námskeiðin geta verið á vegum félags um innri endurskoðun FIE, félags löggiltra endurskoðenda FLE eða annarra aðila.

**Nanna Huld Aradóttir, CIA** fór að lokum yfir breytingar á lagaumhverfi þar sem gerðar eru kröfur um sérþekkingu í innri endurskoðun. Nanna situr í stjórn FIE og er fyrsti Íslendingurinn til að taka CIA gráðuna. Hún hefur því staðgóða þekkingu á þeim kröfum sem gerðar eru til slíkrar sérþekkingar. Í erindinu kom hún m.a. inn á að félag innri endurskoðenda FIE telur nauðsynlegt að þessi alþjóðlega faggilding CIA verði viðurkennd í lögum, sem og réttur þeirra sem hafa gráðuna til þess að kalla sig innri endurskoðendur. Félagið telur einnig að hugað verði að verndun þessa starfsheitis þar sem auknar kvaðir eru nú lagðar á innri endurskoðendur bæði hérlendis sem erlendis sem gerir það nauðsynlegt að tryggt sé að hér á landi sé ávallt starfandi stétt sem hafi sérþekkingu á þessu sviði.

Félagsmenn geta nálgast glærurnar frá fyrirlestunum á læstu vefsvæði félags um innri endurskoðun.

Það er mat fræðslunefndar FIE að fyrsti morgunverðarfundur vetrarins hafi tekist vel og vonar að félagsmenn muni eftir sem áður flykkjast á þá morgunverðarfundu sem framundan eru.

**HUGMYNDAHORNID**

Í síðasta fréttabréfi var sagt frá þeirri hugmynd að fá auka ráðstefnu með vorinu þar sem þátttakendafjöldi væri takmarkaður og gjaldið hærra en almennt gerist með haustráðstefnu. Eftir nánari athugun er það mat fræðslunefndar að óvenju margt verði í boði frá aðilum utan félagsins á þessu vormisseri sem tengist beint og óbeint innri endurskoðun auk þess sem innri endurskoðunardagurinn verður haldinn með pomp og prakt og hefur því sú ákvörðun verið tekin að biða með þetta að sinni og meta stöðuna aftur á næsta starfsári.

## NEFNDASTARF FIE

Í fagfélögum eins og FIE þar sem starfsemi byggir á sjálfböðavinnu er starfsemi stjórnar og nefnda lykilatriði fyrir virkt og öflugt félagsstarf. Í þessu fréttabréfi og því næsta ætlum við að kynna fyrir félagsmönnum stjórn félagsins og þær nefndir sem eru að störfum á yfirstandandi starfsári. Í ár eru það fræðslunefnd, alþjóðanefnd og siðanefnd. Á aðalfundi í lok hvers starfsárs er kosin stjórn og formaður fyrir hverja nefnd og sér sá sem kjörinn er um að manna nefndina. Fjöldi nefndarmanna getur verið breytilegur frá ári til árs en almennt hafa nefndirnar verið mannaðar þremur til fimm félagsmönnum. Allir geta tekið þátt í nefndarstörfum og eru félagsmenn sem hafa áhuga á að taka þátt í starfinu eindregið hvattir til að vekja athygli á sér því gott og öflugt félag getur aðeins orðið til með þátttöku þeirra sem félagið mynda.

Við byrjum kynningu á fræðslunefndinni, en fyrir starfsárið 2013-2014 er hún skipuð eftirfarandi aðilum: Formaður er Sigríður Guðmundsdóttir, innri endurskoðandi Marel. Aðrir nefndarmenn eru Sigrún Lilja Sigmarsdóttir, frá Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar, Sif Einarsdóttir, yfirmaður innri endurskoðunarþjónustu Deloitte og Viðar Kárason, frá Innri endurskoðun Íslandsbanka.

Samkvæmt erindisbréfi fræðslunefndar frá stjórn FIE er hlutverk hennar eftirfarandi:

*„Fræðslunefnd skipuleggur fræðslu á vegum félagsins, svo sem morgunverðarfundi, námskeið og smærri ráðstefnur, auk þess að hafa umsjón með heimasíðu félagsins, útgáfu kynningarefnis fyrir félagsmenn og fréttabréfa.“*

Óhætt er að segja að haustráðstefnan sé stærsta viðfangsefni fræðslunefndar ár hvert en mikill metnaður hefur verið lagður í að hafa viðfangsefnið þannig að það höfði til sem flestra félagsmanna á verði sem gerir sem flestum kleift að taka þátt.

Morgunverðarfundir félagsins eru ennfremur á hendi fræðslunefndar þar sem markmiðið er að fá félagsmenn jafnt sem utanfélagsmenn til að koma og kynna áhugaverð efni sem varða störf innri endurskoðenda. Fundirnir eru einnig mikilvægur vettvangur fyrir félagsmenn til að efla tengslanet sitt innan greinarinnar, en í fámennri stétt eins og innri endurskoðun er óhætt að segja að það geti reynst afar mikilvægt að þekkja náungann.

Fréttabréfinu, sem gefið er út nokkrum sinnum á ári á rafrænu formi, er ætlað að miðla því til félagsmanna sem hæst ber hverju sinni í starfsemi félagsins en einnig að vera sá staður þar sem félagsmenn geti skrifað greinar um áhugaverð mál-efni sem tengjast faginu.

Heimasíða félagsins hefur fyrst og fremst verið nýtt til að koma tilkynningum til félagsmanna og veita aðgang að glærum og öðru efni sem kynnt hefur verið á morgunverðarfundum.

Öllum félagsmönnum er heimilt að senda inn greinar eða áhugavert efni til birtingar á heimasíðunni og fréttablaðinu og vill fræðslunefnd hvetja félagsmenn til að nýta þessa miðla til slíks. Góðir miðlar verða ekki bornir upp af fámennum hópi í sjálfböðavinnu og því gríðarlega mikilvægt að félagsmenn sjái sér hag í því að miðla þekkingu sín á milli og vekja athygli á áhugaverðu efni. Einnig viljum við benda félagsmönnum á að allar ábendingar um áhugavert efni eða fyrirlesara eru vel þegnar, en þær má senda á netfangið [fie@fie.is](mailto:fie@fie.is).

Fræðslunefnd FIE  
Frá vinstri, Sigrún Lilja, Viðar, Sif og Sigríður



Heimasíða félagsins er:

[www.fie.is](http://www.fie.is)

bls. 4 - 1 TBL 2014



**Ábyrgðarmaður:**

Albert Ólafsson

Netfang: [fie@fie.is](mailto:fie@fie.is)

**Fræðslunefnd FIE**

Sigríður Guðmundsdóttir, formaður

Sif Einarsdóttir

Sigrún Lilja Sigmarsdóttir

Viðar Kárason

.....

**Félag um innri endurskoðun** er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum.

Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við.

Félagið er aðili að The Institute of Internal Auditors Inc. ([www.theiia.org](http://www.theiia.org)) auk þess sem það tekur þátt í evrópsku og norrænu samstarfi á sínu sviði.

## PISTILL STJÓRNAR

Ágætu félagsmenn!

Af störfum stjórnar er það helst að fréttu að undirbúningur við Innri endurskoðunardaginn er vel á veg kominn. Á dagskrá verða fjölbreytt erindi frá innlendum og erlendum fyrirlisurum. Innri endurskoðunardagurinn verður haldinn fyrir hádegi þriðjudaginn 1. apríl og verður dagskrá hans send til félagsmanna fljótlega. Athygli er vakin á því að hér er um breytta dagsetningu að ræða þar sem áður hafði verið kynnt að ráðgert væri að halda hann 21. mars.

Af öðrum málum má nefna að stjórnin hefur undanfarið verið í samskiptum við tvö ráðuneyti. Annars vegar vegna frumvarps til laga um opinber fjármál sem fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur unnið að. Í drögum að frumvarpinu eru ákvæði um innri endurskoðun hjá ríkisaðilum sem er nýmæli. Drögin hafa verið kynnt á heimasíðu ráðuneytisins. Hins vegar vegna bréfs frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu þar sem óskaði var efir tillögum félagsins í viðleitni sinni til að einfalda og auka skilvirkni á regluverki fyrir atvinnulífið. Framundan eru fundir stjórnarmanna með fulltrúum ráðuneytanna.

Áþjóðleg ráðstefna IIA verður haldin í London dagana 6. – 9. júlí. Þannig að í ár er staðsetning þessarar stærstu árlegu ráðstefnu IIA á sérstaklega hagstæðum stað fyrir okkar félagsmenn. Dagskrá ráðstefnunnar er enn í mótun en meðal efnis sem boðið verður upp á er fræðsla og undirbúningur fyrir faggildingarprófin. Hægt er að nálgast drög að dagskrá og aðrar upplýsingar í gegnum heimasíðu IIA.

Ágætu félagsmenn, stjórn félagsins þakkar ykkur gott samstarf og hvetur ykkur til senda stjórn félagsins ábendingar og hugmyndir sem eftir geta störf okkar ágæta félags.



**Stjórn FIE:**

formaður:

**Anna Margrét  
Jóhannesdóttir**



varaformaður:  
**Albert Ólafsson**



gjaldkeri:  
**Hrefna Gunnarsdóttir**



ritari:  
**Ágúst Hrafnkelsson**



meðstjórnandi:  
**Nanna Huld Aradóttir**